

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 4. júní 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Mat á námi stuðningsfulltrúa**

Lögð fram beiðni um mat á félagsliðanámi starfsmanns sem starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Samþykkt að kalla eftir prófskírteinum.

### **2. Mat á námi stuðningsfulltrúa**

Lögð fram beiðni um mat á viðbótarnámi leikskólaliða starfsmanns sem starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1

### **3. Mat á námi starfsmanns/leiðbeinanda leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á námi hjá Mími í Leikskólabrú og fagnámskeið leikskóla I og II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1

### **4. Mat á námi starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði**

Lagt fram erindi Verkalýðsfélaginu Hlíf varðandi námskeið starfsmanna á leikskólum.

Samþykkt að kalla eftir frekari gögnum, s.s. upplýsingum um starfsheiti og þau námskeið sem hver starfsmaður hefur setið.

### **5. Mat á námi starfsmanns í leikskóla með stuðning I**

Lögð fram beiðni um mat á námi Leikskólabrúar hjá MSS.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

**6. Mat á námi starfsmanns/leiðbeinanda leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á stuðningsfulltrúanámi frá Borgarholtsskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

**7. Mat á námi starfsmanns/leiðbeinanda leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á námi Leikskólalabráar frá Fjölbrautarskóla Garðabæjar.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

**8. Mat á námi starfsmanns/leiðbeinanda leikskóla**

Lögð fram beiðni um mat á styttri námsleiðum starfsmanns leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1. þar sem ekki er um 150 kest. námskeið að ræða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30

Næsti fundur verður haldinn 18. júní 2018 kl. 9.30.